

## Greiðsluafkoma ríkissjóðs í janúar-apríl 2005

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrsta þriðjung ársins 2005 liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu er handbært fé frá rekstri jákvætt um 13,1 milljarð króna á tímabilinu, sem er 12,9 milljörðum króna betri útkoma en á sama tímabili í fyrra og 20,5 milljörðum betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Tekjur reyndust 23,2 milljörðum hæri en í fyrra, á meðan að gjöldin hækka um 11,4 milljarða. Hreinn lánsfjárjöfnuður var jákvæður um 19,4 milljarða króna en var jákvæður um 0,5 milljarða í fyrra.

**Innheimtar tekjur** ríkissjóðs námu 114,3 milljörðum króna á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs sem er tæplega 23,2 milljarða meiri innheimta en á sama tímabili síðasta árs eða 25,4% aukning. Þar af námu skatttekjur ríkisins 101,9 milljörðum króna sem er 21% hækkan frá í fyrra eða um 16% meiri innheimta að raungildi. Innheimta annarra rekstrartekna hækkaði einnig umtalsvert eða 78,9% frá sama tímabili í fyrra. Munar þar mestu um aukna innheimtu arðgreiðslna, einkum frá Landssímanum eða um 6,3 milljarða króna.

Innheimta skatta á tekjur og hagnað jókst talsvert eða um 18% miðað við sama tímabil á síðasta ári. Þar af jókst innheimta skatta á tekjur og hagnað einstaklinga um 9,5%, lógaðila um 2,5% og innheimta fjármagnstekjkattar jókst enn meir eða um 53,6%. Innheimta tryggingagjalda á tímabilinu nam 10,2 milljörðum króna og hækkaði um 23,1% á milli ára. Hér ber að nefna að á sama tímabili hækkaði almennt verðlag um 4,4% og launavísitala Hagstofu Íslands um 6,7%. Hvað varðar innheimtu eignaskatta þá jókst hún einnig umtalsvert, um 2 milljarða frá sama tíma í fyrra, og endurspeglar sú hækkan fyrst og fremst aukna innheimtu stimpilgjalda, enda hefur verið mikil aukning í veltu á fasteignamarkaðinum á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs miðað við sama tímabil í fyrra. Þó eru vísbendingar um að heldur sé að draga úr þessari aukningu en veltan á fyrsta ársfjórðungi þessa árs var t.a.m. 24,3% minni en veltan á fjórða ársfjórðungi síðasta árs. Þróun almennra veltuskatta, og þá sérstaklega virðisaukaskattsins, gefur einnig góða mynd af þróun eftirsprungar í hagkerfinu en samanlagt hækka almennir veltuskattar um 19,5% eða um 14,5% að raungildi. Þar munar mestu um tæplega 20,8% meiri innheimtu tekna af virðisaukaskatti frá í fyrra ári sem er talsvert meiri hækkan en átt hefur sér stað á sama tímabili síðustu ára. Auk ofangreinds skila vörugjöld af ökutækjum og þungaskattur umtalsvert meiri tekjum en í fyrra en nýskráning bifreiða á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs jókst um 65,3% miðað við sama tímabil fyrra árs. Að öllu samanlögðu gefa innheimtitölur fyrsta ársþriðjungs þessa árs enn frekari vísbendingar um að lítið lát virðist vera á almennri eftirsprung sem er takt við þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins frá 27. apríl sl.

**Greidd gjöld** námu 103,2 milljörðum króna og hækkuðu um 11,4 milljarða frá fyrra ári, eða um 12,4%. Vaxtagjöld hækka um 5,7 milljarða króna eða tæplega 97% þar sem stór flokkur spariskírteina var á innlausn. Útgjöld til heilbrigðis- og tryggingamála hækka um 2,7 milljarða eða tæp 7% og til menntamála um 1 milljarð kr. eða tæp 8%. Önnur frávik eru mun minni.

**Lánahreyfingar.** Afborganir lána námu 29,8 milljörðum sem skiptast þannig að 16,2 milljarðar eru vegna afborganar erlendra langtímalána og 13,5 milljarður vegna innlausnar spariskírteina. Þá voru 1,2 milljarðar greiddir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar sjóðsins. Lántökur námu 13,9 milljörðum króna. Þrátt fyrir að afborganir umfram lántökur næmu 15,9 milljörðum króna þá batnaði greiðsluafkoman um 2,3 milljarða á tímabilinu, sem skýrist af því að handbært fé frá rekstri og fjármunahreyfingar voru jákvæðar um 20,6 milljarða króna.

### **Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar - apríl 2005 (í milljónum króna)**

	<b>2001</b>	<b>2002</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>	<b>2005</b>
<b>Innheimtar tekjur.....</b>	72.307	77.246	91.224	91.117	114.301
<b>Greidd gjöld.....</b>	72.542	80.131	83.693	91.818	103.202
<b>Tekjujöfnuður.....</b>	<b>-235</b>	<b>-2.885</b>	<b>7.531</b>	<b>-701</b>	<b>11.099</b>
Söluhagn. af hlutabr. og eignahl. .....	0	0	-10.720	0	0
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda.....	-1.209	-2.099	710	908	1.993
<b>Handbært fé frá rekstri.....</b>	<b>-1.444</b>	<b>-4.984</b>	<b>-2.479</b>	<b>207</b>	<b>13.092</b>
<b>Fjármunahreyfingar.....</b>	<b>-490</b>	<b>2.619</b>	<b>14.900</b>	<b>365</b>	<b>7.518</b>
<b>Hreinn lánsfjárjöfnuður.....</b>	<b>-1.934</b>	<b>-2.365</b>	<b>12.421</b>	<b>536</b>	<b>19.356</b>
<b>Afborganir lána.....</b>	<b>-21.441</b>	<b>-16.696</b>	<b>-5.642</b>	<b>-25.018</b>	<b>-29.826</b>

Innanlands.....	-6.688	-6.555	-4.932	-3.170	-13.607
Erlendis.....	-14.753	-10.141	-710	-21.848	-16.219
<b>Greiðslur til LSR og LH.....</b>	<b>-5.000</b>	<b>-3.000</b>	<b>-2.500</b>	<b>-2.500</b>	<b>-1.200</b>
<b>Lánsfjárjöfnuður. brúttó.....</b>	<b>-28.375</b>	<b>-22.061</b>	<b>4.279</b>	<b>-26.982</b>	<b>-11.670</b>
<b>Lántökur.....</b>	<b>29.416</b>	<b>26.343</b>	<b>-550</b>	<b>32.004</b>	<b>13.949</b>
Innanlands.....	8.683	2.190	9.141	11.618	2.169
Erlendis.....	20.734	24.153	-8.591	20.386	11.780
<b>Greiðsluafkoma ríkissjóðs.....</b>	<b>1.042</b>	<b>4.281</b>	<b>3.728</b>	<b>5.022</b>	<b>2.279</b>

**Tekjur ríkissjóðs janúar-apríl  
(í milljónum króna)**

	<b>2003</b>	<b>2004</b>	<b>2005</b>	<b>Breyting frá fyrra ári. %</b>			
				<b>2002</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>	<b>2005</b>
<b>Skatttekjur í heild.....</b>	<b>73.592</b>	<b>84.206</b>	<b>101.911</b>	<b>5,2</b>	<b>4,1</b>	<b>14,4</b>	<b>21,0</b>
<b>Skattar á tekjur og hagnað.....</b>	<b>25.535</b>	<b>30.205</b>	<b>35.640</b>	<b>8,1</b>	<b>0,5</b>	<b>18,3</b>	<b>18,0</b>
Tekjuskattur einstaklinga.....	18.645	20.963	22.957	14,7	3,5	12,4	9,5
Tekjuskattur lögaðila.....	1.040	2.952	3.024	-41,9	-39,2	183,8	2,5
Skattur á fjármagnstekjur og fl .....	5.850	6.290	9.659	17,2	2,8	7,5	53,6
<b>Tryggingagjöld.....</b>	<b>7.716</b>	<b>8.315</b>	<b>10.237</b>	<b>9,2</b>	<b>6,1</b>	<b>7,8</b>	<b>23,1</b>
<b>Eignarskattar.....</b>	<b>2.668</b>	<b>3.108</b>	<b>5.109</b>	<b>-10,0</b>	<b>-12,8</b>	<b>16,5</b>	<b>64,4</b>
<b>Skattar á vöru og þjónustu.....</b>	<b>37.489</b>	<b>42.442</b>	<b>50.738</b>	<b>3,9</b>	<b>8,0</b>	<b>13,2</b>	<b>19,5</b>
Virðisaukaskattur.....	24.812	28.529	34.457	7,2	7,7	15,0	20,8
<b>Aðrir óbeinir skattar.....</b>	<b>12.677</b>	<b>13.913</b>	<b>16.281</b>	<b>-2,2</b>	<b>8,5</b>	<b>9,8</b>	<b>17,0</b>
Þar af:							
Vörugjöld af ökutækjum.....	1.193	1.699	2.890	-24,1	44,3	42,4	70,1
Vörugjöld af bensíni.....	2.213	2.619	2.760	-7,4	5,5	18,3	5,4
Þungaskattur.....	1.794	2.081	2.422	-2,0	-0,1	16,0	16,4
Áfengisgjald og hagn. ÁTVR.....	3.126	3.092	3.238	-3,1	31,7	-1,1	4,7
Annað.....	4.351	4.422	4.971	6,4	-5,1	1,6	12,4
<b>Aðrir skattar.....</b>	<b>184</b>	<b>136</b>	<b>186</b>	<b>5,9</b>	<b>-8,0</b>	<b>-26,1</b>	<b>36,6</b>
<b>Aðrar tekjur.....</b>	<b>17.632</b>	<b>6.911</b>	<b>12.390</b>	<b>28,5</b>	<b>168,3</b>	<b>-60,8</b>	<b>79,3</b>
<b>Tekjur alls.....</b>	<b>91.224</b>	<b>91.117</b>	<b>114.301</b>	<b>6,8</b>	<b>18,1</b>	<b>-0,1</b>	<b>25,4</b>

**Gjöld ríkissjóðs janúar-apríl  
(í milljónum króna)**

	<b>2003</b>	<b>2004</b>	<b>2005</b>	<b>Breyting frá fyrra ári. %</b>			
				<b>2002</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>	<b>2005</b>
<b>Almenn mál.....</b>	<b>8.537</b>	<b>9.648</b>	<b>9.958</b>	<b>20,9</b>	<b>-2,0</b>	<b>13,0</b>	<b>3,2</b>
Almenn opinber mál.....	4.923	5.424	5.526	19,5	1,2	10,2	1,9
Löggæsla og öryggismál.....	3.614	4.224	4.432	22,7	-6,0	16,9	4,9
<b>Félagsmál.....</b>	<b>52.301</b>	<b>60.227</b>	<b>64.322</b>	<b>13,9</b>	<b>11,1</b>	<b>15,2</b>	<b>6,8</b>
Þar af: Fræðslu- og menningarmál....	11.506	13.899	14.978	14,6	9,3	20,8	7,8
Heilbrigðismál.....	21.504	23.717	26.313	19,1	11,2	10,3	10,9
Almannatryggingamál.....	16.368	19.101	19.390	6,3	11,8	16,7	1,5

<b>Atvinnumál.....</b>	<b>10.620</b>	<b>11.805</b>	<b>12.506</b>	<b>0,2</b>	<b>-1,3</b>	<b>11,2</b>	<b>5,9</b>
Þar af: Landbúnaðarmál.....	3.892	3.876	4.128	-10,1	2,1	-0,4	6,5
Samgöngumál.....	3.676	4.784	5.151	14,4	-13,5	30,1	7,7
<b>Vaxtagreiðslur.....</b>	<b>7.807</b>	<b>5.926</b>	<b>11.652</b>	<b>2,0</b>	<b>-20,4</b>	<b>-24,1</b>	<b>96,6</b>
<b>Aðrar greiðslur.....</b>	<b>4.428</b>	<b>4.213</b>	<b>4.765</b>	<b>3,7</b>	<b>17,5</b>	<b>-4,9</b>	<b>13,1</b>
<b>Greiðslur alls.....</b>	<b>83.693</b>	<b>91.818</b>	<b>103.202</b>	<b>10,5</b>	<b>4,4</b>	<b>9,7</b>	<b>12,4</b>